

Fimmtudaginn 2. maí 1991.

Nr. 488/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Þjófnaður. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 18. desember 1990, en jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta hann.

Dæma skal ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1990.

Ár 1990, föstudaginn 23. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 626-627/1990: Ákærvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október, á hendur ákærðu, Bjarna Leifi Péturssyni, refsifanga, til lögheimilis að Snorrabraut 35, Reykjavík, kt. 150658-2419, og X [...] „fyrir tilraun til þjófnaðar með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 7. apríl 1990 brotist

í þjófnáðarskyni inn í verslunina Dalver, Dalbraut 3, Reykjavík, en lög-
reglumenn komu að þeim á vettvangi.

Telst þetta varða við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr.
19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls
sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Aðfaranótt laugardagsins 7. apríl síðastliðinn kl. 3.25 barst lögreglunni
í Reykjavík tilkynning um innbrot í kjörbúðina Dalver, Dalbraut 3 hér í
borg. Boðin bárust lögreglumönnum Birgi Straumfjörð Jóhannssyni og
Guðlaugi Einarssyni, þar sem þeir voru í eftirlitsferð um Sætún á mótis
við Laugarnestanga. Héldu lögreglumennirnir þegar á vettvang. Er þangað
kom, lögðu þeir lögreglubifreið sinni fyrir framan búðina. Birgir stóð síðan
vakt við framhlið hússins, meðan Guðlaugur gekk aftur fyrir. Á austurhlið
hússins sá Guðlaugur fólk úti í glugga á annarri hæð, sem benti á bakdyr
verslunarinnar. Dyrnar voru lokaðar, en greinilegt var, að hurðin hafði
verið spennt upp. Því ákvað Guðlaugur að fara ekki inn, heldur kalla eftir
liðsauka. Kom síðan Jóhannes Sturla Guðjónsson lögreglumaður á staðinn
við annan mann. Fóru þeir þrír inn um bakdyrnar og handtóku ákærðu,
Bjarna Leif og X, inni á salerni, sem þar er.

Samkvæmt frumskýrslu Jóhannesar um málið voru ákærðu greinilega
undir áhrifum einhverra vímuefna. Af ummerkjum á vettvangi að dæma
virtust þeir ekki hafa verið búnir að vera lengi inni í búðinni, þar sem allt
var óhreyft. Á gólfí fundu lögreglumennirnir brúna leðurtösku, sem í voru
hárkolla, vasaljós, gúmmihanskar, plastpokar og hálf brennivínsflaska. Þá
lá kúbein á gólfinu.

Ákærðu voru yfirheyrðir af RLR skömmu eftir hádegi sama dag eftir
dvöl í fangageymslu. Ákærði Bjarni Leifur viðurkendi þá aðild sína að
innbroti í verslunina. Kvað hann þá féлага hafa gengið fram hjá verslun-
inni, er þeim datt í hug að brjótast þar inn og stela peningum. Ekki mundi
ákærði, hvernig þeir komust inn, en minnti, að hann hefði spennt upp hurð
með kúbeini. Skömmu eftir að inn kom, hefðu ákærðu orðið varir við lög-
regluna, og földu þeir sig þá inni á salerni. Ákærði kannaðist ekki við tösku
þá, sem lögreglan fann á vettvangi, en kvað meðákærða, X, hljóta að hafa
verið með hana. Tók ákærði sérstaklega fram, að hann hefði umrædda
nótt verið undir miklum áhrifum áfengis og lyfja og minni sitt skert af
þeim sökum.

Ákærði X neitaði hins vegar aðild að innbroti í verslunina. Kvaðst
ákærði oft fara inn í ruslageymslur til að sofa og kvað afar líklegt, að
hann hefði umrædda nótt komið að opnum dyrum verslunarinnar. Sökum

mikillar óreglu mundi ákærði þó lítið eftir sér og kannaðist hvorki við ætlað innbrot né að hafa verið í fylgd meðákærða, Bjarna Leifs, um nóttina. Þá kannaðist ákærði ekki heldur við framangreinda leðurtösku.

Hér fyrir dómi hefur ákærði X haldið fast við framburð sinn og neitað því að hafa farið inn í verslunina Dalver í Þjófnadarskyni. Hefur ákærði skýrt svo frá, að þeir félagar hafi verið að koma frá heimili Í á Kleppsvegi, er þeir „gengu fram á einhvern kofa“. Voru dyr hans opnar upp á gátt. Þar sem ákærða var mál að pissa, hefði hann gengið inn um dyrnar, enda vildi hann ekki kasta af sér vatni úti og eiga þannig á hættu að vera álitinn strípalingur. Jafnframt kvað ákærði sér hafa dottið í hug að leggja sig inni í húsinu, enda kalt um nóttina og hann heimilislaus. Ekki vissi ákærði, hve lengi hann hafði verið inni, er lögreglan kom á vettvang. Fékk hann síðan að vita daginn eftir, að hann hefði verið handtekinn í bakhúsi einhverrar verslunar.

Ákærði Bjarni Leifur hefur neitað sök fyrir dómi og borið, að hann hafi ekki farið inn í verslunina í Þjófnadarskyni. Hefur ákærði annars skýrt svo frá, að þeir félagar hafi ætlað heim til Í að Kleppsvegi. Er þangað kom, hefði Í ekki svarað, og ákváðu þeir þá að ganga niður í miðbæ Reykjavíkur. Er þeir fóru fram hjá húsinu nr. 3 við Dalbraut, kvaðst ákærði hafa séð, að bakdyr verslunarinnar Dalvers voru opnar. Þar sem ákærði þurfti nauðsynlega að kasta af sér vatni, fór hann inn í búðina og gekk rakleitt inn á salerni, sem þar er. Fór meðákærði með honum inn. Ákærði hafði síðan nýlokið við að pissa, er lögreglan kom á vettvang og handtók þá féлага. Sem fyrir kannaðist ákærði ekkert við leðurtöskuna, sem fannst á vettvangi.

Ákærði gat þess, að hann hefði verið búinn að neyta þó nokkurs áfengis umrædda nótt svo og hass og amfetamíns undanfarandi sólarhring. Kvaðst ákærði enn hafa verið undir áhrifum þessara vímuefna við yfirheyrsluna hjá RLR u.þ.b. 9 klst. síðar. Hefði hann því ekki verið skýrsluhæfur. Ákærði neitaði þó ekki að hafa borið á þann veg, sem hann gerði við yfirheyrsluna, og kannaðist við nafnritun sína á framburðarskýrsluna.

Vegna framburðar ákærðu hafa ofangreindir lögreglumenn komið fyrir dóm og staðfest þátt sinn í frumrannsókn málsins. Þá hafa Benedikt Helgi Benediktsson rannsóknarlögreglumaður og Gunnvör Björnsdóttir fanga-vörður komið fyrir dóm, en Benedikt yfirheyrði ákærðu eftir handtökuna, og vottaði Gunnvör nafnritun þeirra á framburðarskýrslur. Benedikt kvaðst ekki muna sérstaklega eftir yfirheyrslunni yfir ákærða Bjarna Leifi, enda hefði hann oft rætt við ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hefði á umræddum tíma verið í mikilli óreglu, en tók sérstaklega fram, að það myndi aldrei hafa yfirheyrð ákærða, vitandi, að hann væri undir áhrifum einhverra vímuefna. Gunnvör kvaðst hafa verið kölluð til, eftir að yfirheyrslu lauk,

og vottaði því aðeins undirritun ákærða Bjarna Leifs. Mundi vitnið ekkert eftir ástandi ákærða umrætt sinn. Loks hafa verið kvödd fyrir dóm vitnin Kolbrún Finnsdóttir, kt. 131047-2909, og Davíð Gunnarsson, kt. 100656-0009. Verður nú gerð grein fyrir framburði þeirra.

Kolbrún Finnsdóttir hefur skýrt frá því, að hún hafi umrædda nótt vaknað við mikinn skarkala í kjörbúðinni Dalveri, en Kolbrún býr á næstu hæð fyrir ofan verslunina. Vitnið kveðst hafa vakið eiginmann sinn, Snorra Ingimarsson, og beðið hann að hringja á lögregluna. Vitnið leit síðan út um glugga íbúðarinnar og sá til mannaferða inni í versluninni. Um tveimur mínútum síðar kom lögreglan á vettvang, og sá vitnið, er hún leiddi tvo menn út úr versluninni.

Davíð Gunnarsson, Karfavogi 27, Reykjavík, kveðst hafa verið kallaður á vettvang umrædda nótt, en Davíð er eigandi kjörbúðarinnar. Vitnið kvað ekki hafa verið hróflað við neinu inni í búðinni og ekkert skemmt, ef frá er talin bakdyrahurð á austurhlið hússins, en þar hafði dyrakarmur verið brotinn upp. Vitnið fullyrti, að leðurtaska sú, sem lögreglan fann á vettvangi, hefði ekki verið þar við lokun búðarinnar kvöldið áður.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, kom lögreglan að ákærðu inni á salerni kjörbúðarinnar Dalvers aðfaranótt laugardagsins 7. apríl síðastliðinn. Hafði henni skömmu áður (kl. 3.25) borist tilkynning um innbrot í verslunina. Á vettvangi fannst brún leðurtaska, sem í voru hárkolla, vasaljós, gúmmihanskar, plastpokar og brennivínsflaska. Þá lá kúbein á búðargólfinu. Ekki hafði verið hróflað við neinu í búðinni og ekkert skemmt annað en bakhurð á austurhlið hússins, sem hafði verið spennt upp. Þar var dyrakarmur brotinn. Ákærðu, sem bersýnilega voru undir áhrifum einhverra vímuefna, voru færðir í fangageymslu.

Ákærði Bjarni Leifur viðurkenndi við yfirheyrslu hjá RLR um hádegisbil sama dag að hafa í félagi við meðákærða, X, brotist inn í kjörbúðina til að stela peningum. Minnti ákærða, að hann hefði spennt upp hurð á versluninni með kúbeini. Skömmu eftir að inn kom, hefðu þeir félagar orðið lögreglunnar varir og þá falið sig inni á salerni. Ákærði X neitaði hins vegar sök í málinu og kvað líklegt, að hann hefði komið að dyrum búðarinnar opnum og farið þar inn til að sofa. Báðir kváðust ákærðu hafa verið undir miklum áhrifum vímuefna umrædda nótt og kváðu minni sitt skert af þeim sökum. Þannig mundi X ekki eftir því að hafa verið með Bjarna Leifi um nóttina.

Fyrir dómi hafa ákærðu báðir neitað sök og borið, að þeir hafi komið að bakdyrum verslunarinnar opnum og farið þar inn til að kasta af sér vatni. Þá kveðst ákærði X einnig hafa haft í hyggju að leggja sig inni í

húsinu, sem hann grunaði ekki, að væri verslunarhúsnæði. Ákærði Bjarni Leifur hefur gefið þá skýringu á játningu sinni hjá RLR, að hann hafi verið búinn að neyta þó nokkurs áfengis umrædda nótt svo og hass og amfetamíns undanfarandi sólarhring og hafi enn verið undir áhrifum þessara vímuefna við yfirheyrsluna. Hafi ákærði því ekki verið skýrsluhæfur að eigin mati. Hvorugur ákærðu hefur viljað kannast við að eiga leðurtöskuna og kúbeinið, sem lögreglan fann á gólfi verslunarinnar.

Framburður ákærðu beggja fyrir dómi um aðkomuna að kjörbúðinni umrædda nótt og tilganginn með för sinni inn í hana þykir afar ótrúverðugur, þegar litið er til annarra gagna málsins, svo sem handtöku þeirra inni í búðinni örskömmu eftir, að Kolbrún Finnsdóttir heyrði þar mikinn skarkala, skemmda, sem unnar voru á áður nefndri bakhurð, og þeirrar staðreyndar, að taska og kúbein fundust á vettvangi, sem telja verður nánast öruggt, að ákærðu hafi verið með, enda hefur eigandi Dalvers full-yrst, að þessir hlutir hafi ekki verið í búðinni við lokun hennar kvöldið áður. Þá þykir framburður ákærða Bjarna Leifs við lögreglurannsókn málsins renna stoðum undir sekt ákærðu, enda hefur hann ekki gefið haldbæra skýringu á því, af hverju hann breytti framburði sínum fyrir dómi. Með vísan til þessa og málsatvika að öðru leyti telur dómurinn sannað þrátt fyrir neitun ákærðu, að þeir hafi brotist inn í kjörbúðina Dalver í þjófnadar-skyni. Varðar þessi háttsemi ákærðu við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Eigandi verslunarinnar hefur ekki haft uppi skaðabótakröfu á hendur ákærðu vegna þessa atferlis þeirra.

Sakaferill ákærðu.

[Ákærði Bjarni Leifur hefur síðan 1975 sætt alls 26 refsídómum, oftast fyrir hegningarlagabrot, og 11 sinnum sæst á greiðslu sekta.]

— — —

Refsing.

Ákærðu verður báðum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 72. og 255. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 71. gr. sömu laga, og refsing ákærða X enn fremur með hliðsjón af 78. gr. laganna. Þykir refsing ákærða Bjarna Leifs hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi, en refsing ákærða X 2 mánaða fangelsi.

Sakarkostnaður.

Samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að dæma ákærðu til að greiða, hvorum fyrir sig, verjanda sínum málsvarnarlaun. Ber ákærða Bjarna Leifi að greiða Páli Arnóri Pálssyni

hrl. krónur 35.000, og sömu fjárhæð greiði ákærði X verjanda sínum, Stefáni Pálssyni hrl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu hins vegar óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson sæti fangelsi 4 mánuði. Ákærði X sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði Bjarni Leifur greiði skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hrl., krónur 35.000 í málsvarnarlaun. Sömu fjárhæð greiði ákærði X verjanda sínum, Stefáni Pálssyni hrl., en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.
